



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNEISINGA

16. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn mánudaginn 23. apríl 2018 og hófst kl. 16,30. Fundurinn var haldinn að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Arna Ír Gunnarsdóttir, Róbert Hlöðversson og Valgerður Sævars dóttir. Lýður Pálsson safnstjóri var þar einnig og skrifandi fundargerð. Fundargerðin var skráð í tölvu.

1. **Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2017.** Safnstjóri lagði fram Ársskýrslu Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2017. Ársskýrslan verður send sveitarfélögum Ánessýslu og birtist á heimasíðu safnsins www.husid.com.
2. **Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga 2017.** Lagður fram ársreikningur gerður af KPMG endurskoðun. Velta safnsins var 45,6 milljónir króna. Laun, launatengd gjöld og framlag í jafnvægisjóð Lífeyrissjóðsins Brúar námu 32,2 milljónum króna. Halli varð 4,4 milljónir króna sem skýra má á gjaldfærslu framlags í jafnvægissjóð Lífeyrissjóðsins Brúar 3,9 milljónir og afskriftir húseigna 1,5 milljónir króna. Ársreikningurinn samþykktur og áritaður.
3. **Láanasamningur við Lánastofnun sveitarfélaga.** Kynntur var láanasamningur vegna uppgjörs við Lífeyrissjóðinn Brú, dags 1. mars 2018. Lánsupphæð 14,3 milljónir, vextir 2,57%, lánstími 16 ár, afborganir tvisvar á ári og er áætlað að upphæð afborgana verði um 800 þúsund á ári miðað við verðlag nú.
4. **Staða húsnæðismála.** Safnstjóri kynnti stöðuna. Borist hefur tilboð frá Árvirkjanum í 180 fm stækkuð á Hafnarbrú 3. Verðhugmynd þeirra er 44 milljónir króna. Safnstjóri hefur jafnframt kynnt sér kostnað við byggingu frístandandi 200 fm húsi vestan við Hafnarbrú 3 hjá Landstólpa og Jötunn. Verðhugmynd Landstólpa er 15 milljónir án sökkuls og Jötunn telur að skemma frá þeim kosti 25-30 milljónir með sökkli. Er um að ræða lægri tölur en nefndar voru sl. haust. Safnstjóra falið að kynna málið á héraðsnefndarfundi eftir viku.
5. **Verkefni sem unnið er að á safninu um þessar mundir.** Lokið er vel heppnaðri páskasýningu „Pólskir páskar“ sem færðu inn á safnið nýjan hóp gesta og á örsýningu á Vori í Árborg kynnti safnið fjóra sérválda safnmuni úr sveitarfélagini. Á Vori í Árborg kynnti safnið nýjan ratleik um safnasvæðið á Eyrarbakka sem safnið vinnur fyrir tilstyrk SASS. Unnið er að gerð sumarsýningaránnar „Marþræðir“ sem Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir listakona vinnur fyrir safnið. Sýningin opnar föstudaginn 4. maí. Verið er að leggja lokahönd á viðburðadagskrá fyrir sumarið. Búið er að ráða sumarstarfsfólk á söfnin. Til stendur að mála Kirkjubæ að utan með styrk frá Húsaþriðunarsjóði.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 17,30.